



Reykjavík 18. maí 2012

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

727. mál.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dagsettum 25. apríl 2012, þar sem óskað var umsagnar Íslandsstofu um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál.


Íslandsstofa fagnar því að þessi tillaga skuli fram komin enda afar mikilvægt að lagður verði grundvöllur að sátt um orkuvinnslu og verndun með faglegri vinnu við rammaáætlun. Markmiðið með ferlinu er að skila faglegu og hlutlægu mati virkjanakosti og tillögum um flokkun þeirra inn í opinbera umræðu og til ákvarðanatöku á Alþingi. Rökræðan byggir þá á fyrirbyggjandi gögnum og allar ákvarðanir um tilfærslu einstakra kosta milli flokka eru teknar með gegnsæjum og rökstuddum hætti eins og lýst er í 10. gr. laga nr. 48/2011 um verndar og orkunýtingaráætlun.

Þótt ferlið við fyrstu þingsályktunartillöguna um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða sé að þessu sinni í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 48/2011 er engu að síður mjög mikilvægt að gæta að framangreindum grundvallaratriðum. Því var óheppilegt hve lengi málið var í vinnslu innan stjórnarráðsins og utan opinberrar umræðu, á leið sinni frá stýrihópi Rammaáætlunar og til Alþingis. Töfin sem varð frá því frestur til að skila umsögnum rann út og þar til málið kom fram á ný í formi þingsályktunar varð tilefni neikvæðra umræðna um ferlið í heild. Vegna þessa er sérstaklega mikilvægt að Alþingi vandi umfjöllun sína og byggji umræður á því mati og þeim faglega grundvelli sem lagður var með vinnu stýrihóps og faghópa Rammaáætlunar. Átök um einstaka virkjanakosti án samhengis við hinn faglega feril málsins myndi færa vinnulagið við ákvarðanatöku aftur til þess horfs sem rammaáætlun var ætlað að komast út úr.

Í þessu sambandi vill Íslandsstofa benda á að samkvæmt 5. gr. laga 48/2011 getur flokkun í biðflokk aðeins byggst á því að afla þurfi frekari upplýsinga tiltekna virkjanakosti svo meta megi hvort þeir eigi að falla í orkunýtingarflokk eða verndarflokk. Vænta má að í kjölfar rökstuddrar tilfærslu virkjanakosta í biðflokk hefjist strax vinna við að bæta úr skorti á upplýsingum um þá þætti sem tilteknir eru sem ástæða biðflokunar.

Græn orka úr endurnýjanlegum orkuauðlindum og fjölbreytt nýting hennar til verðmætasköpunar og aukinna lífsgæða skiptir miklu máli fyrir orðspor Íslands. Eigi að svara eftirspurn eftir endurnýjanlegri orku til fjölbreyttrar atvinnuuppbyggingar og nýta hana til að laða hingað beina erlenda fjárfestingu sem undirstöðu bættara lífskjara er mikilvægt að ná þeirri sátt milli nýtingar og verndunar sem lagt var upp með við undirbúning rammaáætlunar.

Íslandsstofa bendir á að eldri virkjanir þar sem búið er að greiða niður stóran hluta upphaflegrar fjárfestingar geta skilað þjóðinni miklum arði. Sjálfbær nýting endurnýjanlegra orkulinda er því ekki síður í þágu hagsmuna komandi kynslóða. Orkusölusamningar af mismunandi gildistíma sem koma til endurnýjunar tryggja einnig komandi kynslóðum tiltæka orku til að mæta nýjum þörfum og eftirspurn, gjarnan með skemmri fyrirvara. Slík staða er ekki síst mikilvæg vegna smærri orkukaupenda og þess geira sem kenndur er við græna hagkerfið. Þar er meðal annars um að ræða aðila sem ekki standa endilega undir þeirri aðferð, sem mest hefur verið stuðst við hingað til, það er að reisa nýjar virkjanir til að mæta þörfum einstakra stórkaupenda.



Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu